

BYGGINGARLÝSING

Gufubaðið við Laugarvatn.
Gufubaðið á Laugarvatni verður endurnýjuð og nýtt þjónustuhús ásamt stóru og fjölbreyttu útisvæði með laugum o.fl. reist í tengslum við Gufuna.

Endurnýjað gufubað verður reist á sama stað og núverandi bað stendur. Nýr saunakleff verður reistur við suðurenda gufuklefana. Veggir baðsins verða steyptir og klæddir timburklæðningu að utanverðu en að innanverðu munu gufuklefarnir að mestu leyti skírskota til gömlu gufunnar, þ.e.a.s. steinveggir með timburloft og timburgólf. Þak gufuklefanna verður úr timbri og munu kvistir verða stungnir úr borðunum til að mynda litli göt í þakklæðninguna.
Saunakleffnn mun að öllum líkindum verða gerður úr verksmiðjuframleiddum einingum sem koma tilbúnar á staðinn og falla inn í steypuumgjörðina.

Þjónustubygging mun rísa vestan við gufubaðið og hýsa tvo rúmgóða búningsklefa, veitingasal, umluktan útigarð ásamt starfsmannaaðstöðu og ýmsum stoðrýmum.
Byggingin er einnar hæðar bygging og fellur hún að stóru leyti inn í landslagið sökum hæðarmunar við vatnið.

Burðarkerfi:
Byggingin verður grunduð á malarpúða og með staðsteyptum sökklum og botnplötu. Botnplatan verður 120mm þykk og einangruð með 50mm einangrun. Allir burðarveggir verða staðsteyptir, ýmist sem hefðbundnir 20cm þykkir veggir eða sem "samlokuveggir" úr tvelmur 15cm þykkum steypuskífum með 100mm einangrun á milli. Útveggir ofan á grasmönum til vesturs, norðurs og suðurs verða léttir timburveggir.
Þak byggingarinnar verður uppbyggt úr stálsperrum sem ganga þvert á byggínguna. Á milli þeirra ganga 225mm háir kertobitar. Á milli bitanna verður einangrað með 200mm steinullareinangrun og þakið loftað ofan við hana. Í opnu miðrými munu stálsúlur styðja undir þakið.

Utanhússfrágangur:
Stór hluti veggja til vesturs, norðurs og suðurs verða huldir grasmönum sem halla frá veggjunum að gróðrhæðsium sem umlykja byggínguna til þessara þriggja átta. Þessi veggir verða huldir jarðvegsdúk og einangraðir að utan.
Léttir timburveggir sem standa ofan á mönum og upp undir þak verða einangraðir á milli stoða, og klæddir loftþassri, standandi timburklæðningu.
Útveggir í kringum búningsherbergi verða úr sjónsteypu, einangraðir að innan og múrúðaðir.
Útveggir í kringum garð og starfsmannarými verða gerðir úr staðsteyptum "samlokum" með 100mm einangrun á milli steypuskífa.
Útveggir í opnu miðrými verða nær alfarið úr gleri sem nær frá gólf og upp undir þak.
Þak byggingarinnar verður tyrft.

Gluggar og hurðir: Allir gluggar og hurðir í húsinu eru úr álí og framrammaðir með rofinni kuldabrú. Gluggar eru setir í efti uppsteypu hússins.
Kólnunartala glugga og hurða með gleri, skal almennt vera skv. gr. 160.3 í íslenskri byggingarreglugerð nr. 441/1998, þ.e. 2,0 W/m2K.
Allt gólfsíft gler verður öryggisgler.

Frágangur innanhúss:
Innveggir byggingarinnar eru ýmist steinsteypir, hlaðnir eða úr tvöföldu gípsi á álstoðum. Þar sem gips er í votrýmum er notað sérstakega rakaþolið gips.
Steinsteypir veggir eru ýmist holufylltir og sandspartaðaðir, ómeðhöndlaðir eða múraðir.
Hlaðnir veggir eru úr vikursteini og pússaðir á hefðbundinn hátt.
Allir gipsveggir í húsinu uppfylla kröfur 174. - 176. gr. í íslenskri byggingarreglugerð nr. 441/1998, um hljóðeinangrun. Innveggir eru ýmist málaðir eða flísalagðir.
Í loft "almennings" og starfsmannaaðstöðu verða settir niðurhengdir timburlistar sem hylja munu raflagnir í lofti. Í búningsherbergjum verður niðurteklið kerfisloft úr álstrímium. Loft í snyrtingum og geymslum eru helisþrtiuð gipsloft.
Gólf verða ýmist flotuð eða flísalögð að undanskildu gólfi í tæknirými sem verður málað.

Innréttingar verða ýmist sérsmíðaðar eða tilbúnar einingar.
Innihurðar verða spónlagðar. Hurðabiðð eru staffýrit eða þannig gerð að þau uppfylli EI-30 brunakröfu og 30db hljóddempun.
Hurðakarmar eru úr aski.

Lagnaleiðir:
Tæknirými fyrir byggínguna er staðsett meðfram vesturhlíð hennar og hýsir allan tæknibúnað. Um er að raða inntök, lagnagrindur og loftræslbúnað. Lagnaleiðir frá tæknirými í hin ýmsu rými eru undir botnplötu að undanskildu rafmagnsleiðslum sem fara um loftið.
Byggingin verður öll hituð upp með gólfhita.
Tæknirými fyrir laugar er staðsett neðanjarðar, sunnan við byggínguna. Þar eru öll kerfi og búnaður sem vökvernur laugum hýst. Tæknirýmið kernur til með að falla að mestu leytl inn í landslagið að undanskildum tröppum og handriðum í kringum þær.

SAMÞYKKT
11 MAI 2010
Byggingafulltrúi uppsv./Ámessýslu og Flóahr.

Brunavarnir:
Allar klæðningar innanhúss, nema niðurtekin loft í opnum rýmum eru í flokki 1. Loft í opnum rýmum eru úr harðviðarlistum.
Tæknirými er sér brunahólf en að öðru leyti er byggingin eitt brunahólf.
Neyðarlýsing og útljós eru í alri byggingunni skv. 160. gr í byggingarreglugerð nr. 44/1998.
30m brunaslanga er í opnu miðrými og að auki eru vatnsslöngur í búningsherbergjum. Slökkvitæki er staðsett við hlið brunaslöngu. Að auki er gert ráð fyrir slökkvitæki í eldhús/afgreiðslu, tæknirými og aðstöðu starfsmanna. Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni.
Rennihurðir í aðalandyri opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi og við straumrof.
Reykiosun er um glugga og hurðir.

Einangrunartölur
U-gildi einstakra byggingarhluta skal vera eftirfarandi:
Ti>=18°C
Þak 0,2
Útveggir 0,4ms

Glerveggir 1,5
Gluggar 2,0
Hurðir 3,0
Gólf 0,3

Sorpgeymsla
Sorpi verður komið fyrir við bílastæði.

Áætlaður fólksfjöldi á svæðinu miðað við hámarksfjölda er alit að 200 manns.

Helídarstærðir:
Matshluti 03: 651.3 m2
2707.2 m3
Matshluti 04: 31.0 m2
101.4 m3
Matshluti 05: 97 m2
280 m3

Stærð lóðar: 8793.0 m2
Nýtingarhlutfall: 0,088

Fjöldi bílrelðastæða er skv. gildandi deiliskipulagi eða samtals 35 stæði.

Útisvæði og laugar:
Á útisvæðum gufunnar er gert ráð fyrir grunnum laugum sem gegna mismunandi hlutverkum, allt frá því að vera ærisastaðir barna til þess að vera slökunarlaugar. Allar laugarnar verða staðsteyptar og flísalagðar með yfirfallsristum meðfram botnum/öllum laugarbarminum. Dýpi laugarna er á bilinu 20cm til 110 cm. Umsjónarmaður í afgreiðslu hefur beina yfirsýn yfir hluta laugarnna og einnig verður komið fyrir myndavélakerfi vegna eftirlits þeirra. Eftirlitsskjám verður komið fyrir í afgreiðslu. Að auki er gert ráð fyrir vaktskýli suðvestan við laugarnar.

Laugarnar eru með mismunandi laugarhita, þ.e. heit setlaug (37-40°C), grunn vaðlaug (30-34°C) og baðlaug (30-32°C). Vatn í set-, vað- og baðlaug verður endurnýjað og hreinsað með viðurkenndu hringrásarkerfi á varmaskipti, í samræmi við kröfur um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Stefnt er að því að hafa laugarnar með lágu klórstigi. Sýrustig (PH) verður lágt til að styðja lágt klórstig. Notaður er klór, saltsýra og hleypiefni sem hæfir vatni (pólýól). Klór og saltsýra eru í sittivorum geymsukefanum sem báðir eru loftræstir á vélrænan hátt. Álylling á klórgeymi frá tankbíl er um álylllngarbúnað sem staðsettur er innan girðingar.

Í laugarnar verður komið fyrir granít "skúptúrum" sem gegna hlutverki leiktækja fyrir gesti. Úr skúptúrunum sprautast/seytlar vatn. Umhverfis laugarnar ert gert ráð fyrir leik- og afslöppunarsvæðum af ýmsu tagl.

Útisvæðið verður gyrt af og færanleg hlíð notuð til að loka beim hluta svæðisins sem tengist út á strönd Laugarvatnsins þegar Gufan er lokuð. Við mörk útisvæðanna og strandarinnar verður komið fyrir tjörn sem gestir Gufunnar verða að ganga yfir til að komast til og frá ströndinni.

GUFUBAÐIÐ
LAUGARVATNI
Geothermal Steam Bath

BREYTA	DAGSETNING	DAGSETNING
D	01.12.2010	fyrirkomulagi norðan og vestan við bygg'ngu breytt
C	16.04.2010	tæknirými lauga stækkað og fyrirkomulagi lauga breytt
B	01.12.2008	ýmsar smábreytingar og aðfæringar
A	4.1.2008	matshlutanúmerum breytt

STUDIO STRIK

Sigríður Ólafsdóttir - arkitekt FAÍ K: 071070 5089
Hulda Adalsteinsd. - Innanhússarkitekt K: 141074 4909
STUDIO STRIK . ARKITEKTAR
Laugavegi 3 // 101 Reykjavík
S: 511 6777 // studiostrik.is
K: 590907 1030
Finnur Björgvinsson - arkitekt FAÍ K: 280845-3109
Hilmar Þ. Björnsson - arkitekt FAÍ K: 180945-3069
á stofunni arkitektar
Bergstaðastræti 10. Rvk. Sími 551 1460. Stofa@stofanni.is

Gufubað við Laugarvatn
Afstöðumynd

DAGSETNING	TEIKNAÐ AF	KVARÐI
06.12.2007	SÓ	1:500

VERK NÚMER	TEIKNINGA NÚMER	BREYTA
2007-10-11	A-0.001	D